

Ed.

272. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Efni ákvæða til bráðabirgða í frumvarpi þessu eru heimildir samhljóða ákvæðum, sem var að finna í lögum um verðstöðvun frá 19. nóv. 1970. Fyrirverandi ríkisstjórn lýsti því yfir fyrir alþingiskosningarnar, að hún mundi framlengja verðstöðvun til áramóta, og núverandi ríkisstjórn gaf út brbl. þess efnis, sem að visu hafa ekki hlotið staðfestingu Alþingis.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki gert grein fyrir, hvernig hún ætlar að standa að verðlagsmálunum til frambúðar, og fyrir liggur, að ný löggjöf í þeim efnum verður ekki lögð fram á þessu þingi. Þess í stað varpaði ríkisstjórnin fram ákvæðum til bráðabirgða örfáum dögum fyrir þinghlé án fyllri skýringa á því, hvernig að þeim málum yrði staðið.

Við teljum, að flutningur þessa máls á Alþingi nú sé staðfesting ríkisstjórnarinnar á því, að jafnvægisleysi ríki í efnahagsmálum. Þetta jafnvægisleysi má að okkar dómi rekja til aðgerða ríkisstjórnarinnar og rangrar stjórnarstefnu og mun ágerast með samþykkt þess fjárlagafrumvarps, sem nú liggur fyrir til lokaafgreiðslu og gerir ráð fyrir um 48% hækkun á útgjöldum ríkissjóðs frá síðustu fjárlögum.

Þótt nauðsynlegt sé í slíku jafnvægisleysi sem nú ríkir að hafa verðlagseftirlit, teljum við skyldu stjórnvalda að miða ráðstafanir sínar við það, að unnt sé að létta hinni svokölluðu verðstöðvun af stig af stigi, en það hefur ríkisstjórnin látið undir höfuð leggjast að gera. Slík löggjöf getur verið eðlileg um skamman tíma, en til langframa hlýtur hún að hamla gegn eðlilegri verðmyndun í landinu.

Loks teljum við óþarft og skaðlegt að skerða svo sjálfræði og sjálfstæði sveitarfélaganna til langframa sem gert er í ákvæðum til bráðabirgða, enda bera sveitarstjórnir pólitíska ábyrgð gagnvart umbjóðendum sínum og verða að standa þeim reikningsskil gerða sinna.

Með tilvísun til framanritaðs treystum við okkur ekki til að standa að samþykkt frv.

Alþingi, 20. des. 1971.

Geir Hallgrímsson,
frsm.

Halldór Blöndal.